

2. gr.

4. gr. hljóði svo:

Handfarangur í farþegaklefa.

- 4.1. Þjónustuliðar í farþegaklefa, eða einhver tiltekinn aðili í áhöfn skal sjá svo um að allur farangur, sem farþegar flytja með sér í farþegaklefa, sé á öruggum stað við flugtak og landingu, svo sem í farangurs- og vöruhólfi, undir farþegasætum eða á annan hátt tryggilega frá honum gengið.
- 4.2. Flugrekandi skal, annaðhvort með tilkynningaspjöldum eða áletrun á farmiða eða á annan handhægan og greinilegan hátt láta farþega vita um ákvæði þessara reglna um handfarangur.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. september 1984.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

29. október 1984

Nr. 395

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á Sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórri til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið ártar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið,

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 10 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 5 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á Sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 2 000,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði af starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 734/1983 svo og 13. og 14. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á Sérlyfjaskrá nr. 451 31. desember 1976 og 6. gr. reglugerðar um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334 19. júlí 1979.

Bráðabirgðaákvæði.

Skráningargjöld innlendra lyfjaframleiðenda skulu til 1. júlí 1985 vera helmingur þeirra upphæða, er greindar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 396

AUGLÝSING

24. september 1984

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Grindavík:

Efstahraun nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Selsvöllum og Heiðarhrauni.

Baðsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Gerðavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautarréttur þessi er samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Grindavík, 24. september 1984.

Guðmundur Kristjánsson, ftr.

Nr. 397

20. ágúst 1984

SAMÞYKKT

**um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi
nr. 619 18. ágúst 1983.**

1. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, er verði 4. gr. og aðrar greinar færast til er því nemur: Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu á vegum Suðureyrarhrepps. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 10 daga meðan eiganda gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan hreppsins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan hreppsins innan 10 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, er heimilt að aflífa hundana þegar í stað.